

REGLUR

um skilríki starfsmanna sendiráða, kjöræðismanna o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um gerð og notkun skilríkja sem utanríkisráðuneytinu er heimilt að gefa út til eftirtalinna aðila:

- Starfsmanna erlendra sendiráða, fjölskyldumeðlima þeirra og einkaþjónustustarfsmanna sem dvelja hérlendis á grundvelli ákvæða laga nr. 16/1971.
- Staðarráðinna starfsmanna erlendra sendiráða hérlendis, sbr. ákvæði d-liðar 1. mgr. 10. gr. fylgiskjals I við lög nr. 16/1971.
- Kjöræðismanna erlendra ríkja sem búsettir eru hérlendis, sbr. ákvæði laga nr. 4/1978.
- Kjöræðismanna Íslands erlendis og starfsfólks þeirra, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1971.
- Staðarráðinna starfsmanna á sendiskrifstofum Íslands, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 39/1971.

Diplómataskírteini og persónuskilríki samkvæmt 1. og 3. tölul. 1. mgr. gilda jafnframt sem dvalarleyfi á Íslandi, sbr. ákvæði 2. gr. (16) b reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 3. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæra-reglurnar).

Skilríkjunum er einkum ætlað að auðvelda handhöfum þeirra staðfestingu réttinda og að sanna á sér deili í samskiptum við stjórnvöld. Ekki er innheimt gjald fyrir útgáfu skilríkjanna. Skilríkin eru eign utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Tegundir skilríkja.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að gefa út eftirtalin skilríki á grundvelli reglna þessara:

- Diplómataskilríki fyrir aðila sem falla undir 1. tölul. 1. gr.
- Tímabundið atvinnuleyfi fyrir maka og börn aðila sem falla undir 1. tölul. 1. gr. þegar í gildi er samningur milli Íslands og viðkomandi ríkis um slík atvinnuréttindi, sbr. 18. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga.
- Persónuskilríki fyrir aðila sem falla undir 2. tölul. 1. gr.
- Skírteini fyrir kjöræðismenn á Íslandi, sbr. 3. tölul. 1. gr.
- Skírteini fyrir kjöræðismenn Íslands erlendis og starfsfólk þeirra, sbr. 4. tölul. 1. gr.
- Persónuskilríki fyrir staðarráðna starfsmenn á sendiskrifstofum Íslands, sbr. 5. tölul. 1. gr.

3. gr.

Útlit og útgáfa skilríkja.

Á skilríkjum sem gefin eru út samkvæmt 2. gr. skal vera heiti utanríkisráðuneytisins ásamt heiti skilríkja, sbr. ákvæði 1. til 6. tölul. 2. gr. Þar skal vera andlitsmynd af handhafa skilríkja, nafn viðkomandi og undirritun, kennitala eða fæðingardagur, stöðuheiti, raðnúmer, útgáfudagur og gildistími. Að öðru leyti ákveður utanríkisráðuneytið útlit skilríkjanna og öryggisþætti í verklagsreglum.

Utanríkisráðuneytið getur falið öðru stjórnvaldi með samningi að annast útgáfu skilríkja samkvæmt reglum þessum.

4. gr.

Skilríkjaskrá.

Utanríkisráðuneytið heldur skrá yfir útgefin skilríki samkvæmt 2. gr. þar sem fram kemur raðnúmer skilríkja, nafn handhafa skilríkja, kennitala eða fæðingardagur, útgáfudagur, hvenær skilríki voru afhent, þeim skilað og fargað. Í skránni skulu einnig vera upplýsingar um glötuð skilríki.

5. gr.

Gildistími skilríkja.

Gildistími einstakra skilríkja er sem hér segir:

1. Diplómataskilríki gilda í 4 ár.
2. Tímabundið atvinnuleyfi gildir í 4 ár.
3. Persónuskilríki, sbr. 3. tölul. 2. gr., gilda í 4 ár.
4. Skírteini fyrir kjörræðismenn á Íslandi gilda í 5 ár.
5. Skírteini fyrir kjörræðismenn Íslands og starfsfólk þeirra gilda í 5 ár.
6. Persónuskilríki, sbr. 6. tölul. 2. gr., gilda í 4 ár.

Ráðuneytinu er heimilt, á grundvelli gagnkvæmnisjónarmiða svo og þegar um endurnýjun er að ræða, að gefa út skilríki með skemmri gildistíma en að framan greinir.

6. gr.

Endurútgáfa glataðra og stolinna skilríkja.

Nú glatast skilríki eða þeim er stolið og skal þá handhafi þeirra tilkynna það utanríkisráðuneytinu þar sem skráð verður að skilríkin séu glötuð.

Finnist glötuð skilríki skal afhenda þau aftur handhafa þeirra hafi ný skilríki ekki verið gefin út, en annars skal eldri skilríkjum fargað.

7. gr.

Endurnýjun skilríkja og skil við starfslok.

Endurnýja skal skilríki ef upplýsingar á þeim eru orðnar ógreinilegar eða útlit viðkomandi hefur breyst það mikið að hann þekkist ekki af myndinni að mati utanríkisráðuneytisins.

Skilríkjum skal skilað til utanríkisráðuneytisins þegar handhafi þeirra hverfur úr starfi því sem er grundvöllur að útgáfu skilríkjanna. Farga skal skilríkjum sem skilað er.

8. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglur þessar, sem settar er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmalasamband nr. 16/1971, 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 og 2. gr. laga um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband nr. 4/1978, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 19. febrúar 2024.

Bjarni Benediktsson.

Martin Eyjólfsson.